

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 73/2023

2023/EES/77/45

frá 17. mars 2023

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2455 frá 8. desember 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1217/2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum samninga um rannsóknir og þróun ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2456 frá 8. desember 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1218/2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum samninga um sérhæfingu ⁽²⁾.
- 3) XIV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIV. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við 6. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1218/2010):

„, breytt með:

- **32022 R 2456:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2456 frá 8. desember 2022 (Stjtið. ESB L 321, 15.12.2022, bls. 3).“

2. Eftirfarandi er bætt við 7. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1217/2010):

„, breytt með:

- **32022 R 2455:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2455 frá 8. desember 2022 (Stjtið. ESB L 321, 15.12.2022, bls. 1).“

*2. gr.*Texti reglugerða (ESB) 2022/2455 og (ESB) 2022/2456, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2023.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 321, 15.12.2022, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 321, 15.12.2022, bls. 3.^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.